

Bæjarráð Garðabæjar

**Efni: Svar við fyrirspurn um niðurgreiðslu á fæði til eldri borgara í Garðabæ**

## 1. Hversu há er niðurgreiðsla á fæði til eldri borgara í Garðabæ ?

Svar:

*Í Jónshúsi er hægt að kaupa hádegismat á virkum dögum á kostnaðarverði frá Veislulist. Garðabær sér um alla umsýslu. Þanta þarf matinn með dagsfyrirvara hjá starfsfólki Jónshúss og getur fólk valið um mismunandi rétti:*

- Hefðbundinn heimilismatur ásamt súpu/eftirrétti
- Mat með meiri áherslu á grænmeti ásamt súpu/eftirrétti
- Létta rétti ásamt súpu/eftirrétti

*Verð á máltíð er kr. 1.400.*

*Eldri borgarar geta þantað heimsendan mat á skrifstofu félagslegrar heimaþjónustu. Þanta þarf matinn með aðeins lengri fyrirvara heldur en í Jónshúsi. Fólk sem er að glíma við færnitap og veikindi (t.d. þeir sem eru nýútskrifaðir af spítulum) hafa gjarnan nýtt sér heimsenda matinn.*

<i>Verð á máltíð frá SS</i>	<i>kr. 1.089</i>
<i>Akstur</i>	<i>kr. 248</i>
<i>Verð alls:</i>	<i>kr. 1.337</i>

*Ekki er um beina niðurgreiðslu að ræða að öðru leyti en að öll umsýsla á vegum Garðabæjar er ekki hluti af matarverði og þá er greiðsla vegna akstur undir raunkostnaði.*

## 2 Ef niðurgreiðslan er engin, hver er ástæða þess ?

Almennt er það talið réttlætanlegt að sá sem nýtur þjónustu greiði fyrir hana og það á við eldri borgara í þessu tilviki.

Garðabær sinnir þeirri skyldu, eins og mælt er fyrir um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, að tryggja að eldri borgarar eigi kost á að fá heimsendan mat. Jafnframt er boðið upp á mat í Jónshúsi – félagsmiðstöð eldri borgara. Ekki er kveðið á um að slík þjónusta eigi að vera niðurgreidd en til þess getur komið í þeim tilvikum þegar aðstæður einstaklinga eru með þeim hætti að tryggja þurfi að þeir geti séð fyrir sér og sínum.